



## Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2021

## SAGA3ÞV05

<b>Kennari</b>	<b>Atli Þorsteinsson.</b> atli.thorsteinsson@fss.is
<b>Viðtalstími</b>	Föstudagur klukkan 10:15 til 10:55
<b>Kennsluefni</b>	Allt efni áfangans er á kennslusíðu áfangans á moodle <a href="https://k.fss.is/course/view.php?id=509#section-5">https://k.fss.is/course/view.php?id=509#section-5</a> Lykilorðið er "þjóð1"
<b>Áfangalýsing</b>	Eftir helför nasista gegn gyðingum og fleiri hópum var gjarnan sagt „aldrei aftur“. Það „loforð“ hefur margoft verið svikið síðan þá. Í áfanganum á að skoða 20. og 21. öldina og líta á það sem flokkað hefur verið sem þjóðarmorð og/eða voðaverk en einnig verður skoðað hugtak sem farið var að nota um 1990; þjóðernishreinsanir. Því miður er af mörgu að taka í áfanga sem þessum. Efnistökin verða þau að með lestri, áhorfi og verkefnavinnu eiga nemendur að kynna sér ýmis þjóðarmorð og voðaverk sem framin hafa verið á sl. rúmum hundrað árum einkum af opinberum aðilum eða ríkisstjórnunum. Einnig á að skoða refsingar og stríðsglæpadómstóla. Meðal þess sem skoðað verður er: Helförin, Namibía: Herero fólkið, Armenía 1915, Sovétríkin: hreinsanirnar og hungursneyðin í Úkraínu, helförin, voðaverk Japana í Kína, stríðið í Júgóslavíu, Kambódía árið núll, Rúanda, Darfúr, Austur Tímor og fleira.

Vinnuáætlun		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst.	60 klst.
Undirbúningur f. tíma	15 vikur x 4 tímar x 20 mín	20 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Ritgerð / Skýrsla	15 klst.	15 klst.
<b>Alls</b>		<b>107 klst. = 5 fein*</b>

*Viðmið um fjölda eininga	
Einingar	Tímafjöldi í vinnu meðalnemanda í áfanga
1 fein	18 - 24 klst.
2 fein	36 - 48 klst.
3 fein	54 - 72 klst.
4 fein	72 - 96 klst.
5 fein	90 - 120 klst.

<p><b>Þekking</b></p> <p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skilgreina orsakir þessara voðaverka, gera sér grein fyrir afleiðingum þeirra bæði staðbundið og á heimsvísu</li> <li>• átta sig á hvers vegna leiðtogar og hópar hvetja til voðaverka gegn þjóðum, þjóðarbrotum og etniskum hópum</li> <li>• útskýra hvers vegna alþjóðasamfélagið leggur svo mikla áherslu á að koma í veg fyrir þjóðarmorð og þjóðernishreinsanir</li> <li>• greina orsakir þess að stórþjóðir og alþjóðastofnanir eru oft svifaseinar og getulitlar í málum þeim sem áfanginn fjallar um.</li> </ul>	<p><b>Hæfni</b></p> <p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• hugtakinu þjóðarmorð, hvenær það varð til og hvers vegna</li> <li>• skilgreiningu þess hugtaks</li> <li>• þjóðernishreinsunum og geti skilgreint hugtakið</li> <li>• stríðsglæpadómstólum og hvar þeir eru starfandi</li> <li>• helstu þjóðarmorðum/voðaverkum sem tengjast efninu, geti áttað sig á umfangi þeirra og orsökum og hvað olli þeirri skelfingu sem atburðurinn hafði í för með sér</li> </ul>
<p><b>Leikni</b></p> <p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beita sjálfstæðum vinnubrögðum við öflun heimilda og úrvinnslu þeirra</li> <li>• tjá sig í ræðu og riti um efni áfangans, rökræða efnið og geta miðlað því á fjölbreyttan máta</li> </ul>	

<p><b>Námsmat og vægi námsmatsþátta</b></p>	<p>Námsmat byggir á símati yfir önnina. Því er mikilvægt að nemendur skili verkefnum á réttum tíma. Verkefni sem berast eftir auglýstan skilafrest geta aldrei fengið hærra einkunn en því sem nemur helmingi af hæstu mögulegu einkunn. (Ef hæsta einkunn er 10 þá geta verkefni sem berast of seint aldrei fengið hærra en 5)</p>
---	---

*Virðing, samvinna og árangur*

<b>Heiti</b>	<b>Vægi</b>
Verkefni	40%
Heimildaverkefni	30%
Lokaverkefni	20%
Virkni	10%

<b>Reglur áfanga</b>	Til að ná áfanganum þarf að vera með 4,5 í lokaeinkunn og hærra en 5 í öllum námsmatsþáttum
----------------------	---

<b>Annað sem kennari vill láta koma fram</b>	Kennsluáætlunin kann að taka breytingum á önninni en þá að höfðu samráði við nemendur. Verkefni taka bæði til lesefnis og þess sem fram kemur í fyrirlestrum og verkefnavinnu. Þessi áfangi byggir að miklum hluta á vinnuframlagi nemandanna þannig að það skiptir miklu máli að vinna jafnt og þétt yfir alla önnina.
--	---

*Virðing, samvinna og árangur*

<b>Kennsluvikur</b>	<b>Áætluð yfirferð námsefnis</b>	<b>Skil á verkefnum</b>
<b>1. vika</b> 6. - 8. janúar	Inngangur og kynning	
<b>2. vika</b> 11. - 15. janúar	Hvað eru Þjóðarmorð? Skilgreiningar og umræður, Alþjóðaglæpadómstóllinn	Ýmis verkefni
<b>3. vika</b> 18. - 22. janúar	Hvað eru Þjóðarmorð? Skilgreiningar og umræður, Alþjóðaglæpadómstóllinn	Heimaverkefni 1
<b>4. vika</b> 25. - 29. janúar	Þjóðarmorð á Armenum	Ýmis verkefni
<b>5. vika</b> 1. - 5. febrúar	Þjóðarmorð á Armenum	Heimaverkefni 2
<b>6. vika</b> 8. - 12. febrúar	Helförin	Ýmis verkefni
<b>7. vika</b> 15. - 19. febrúar	Helförin	Heimaverkefni 3
<b>8. vika</b> 22. - 26. febrúar	Þjóðarmorð í Kambódíu	Ýmis verkefni
<b>9. vika</b> 1. - 5. mars	Þjóðarmorð í Kambódíu	Heimaverkefni 4
<b>10. vika</b> 8. - 12. mars	Þjóðarmorði í Rúanda	Skil á heimildaverkefni
<b>11. vika</b> 15. - 19. mars	Þjóðarmorð í Rúanda	Ýmis verkefni
<b>12. vika</b> 22. - 26. mars Páskafri	Þjóðarmorð í Rúanda	Heimaverkefni 5
<b>13. vika</b> 6. - 9. apríl	Þjóðarmorð í fyrrum Júgóslavíu	Ýmiss verkefni
<b>14. vika</b> 12. - 16. apríl	Þjóðarmorð í fyrrum Júgóslavíu	Heimaverkefni 6 Munnleg próf
<b>15. vika</b> 19. - 23. apríl Sumard. fyrsti	Þjóðarmorð í Austur Tímor	Ýmiss verkefni Munnleg próf
<b>16. vika</b> 26. - 30. apríl	Þjóðarmorð í Austur Tímor	Heimaverkefni 7 Munnleg próf
<b>17. vika</b> 3. - 6. maí	Uppsóp og skil á lokaverkefni	

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Atli Þorsteinsson*